

Stjórn Landspítala

Fundargerð

Dagsetning tími	12. júlí 2022 kl. 13:00
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	01
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Björn Zoëga, formaður, Höskuldur H. Ólafsson og Ingileif Jónsdóttir (á Teams) <u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna</u> : Marta Jóns Hjördísardóttir og Örvar Gunnarsson <u>Varamenn</u> : Birgir Gunnarsson <u>Aðrir</u> : Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala, Oddur Gunnarsson lögfræðingur og Bjarki Rafn Þórðarson kerfisfræðingur <u>Fjarverandi</u> : Sólrún Kristjánsdóttir, varaformaður, Gunnar Einarsson og Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (varamaður)
Fundarstjóri:	Björn Zoëga formaður
Fundarritari:	Oddur Gunnarsson

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna til fyrsta fundar nýskipaðrar stjórnar Landspítala. Fundarmenn kynna sig. Fundurinn er boðaður sem kynningarfundur fyrir stjórnarmenn. Áformað er að ræða tillögu að starfsreglum á næsta fundi.

Dagskrá

- Kynning á starfsemi og rekstri Landspítala – Runólfur annast kynningu. M.a. rætt um skipulag, starfsemi, klínískan árangur, mönnun, menntun heilbrigðisstarfsmanna, vísindastarf, áskoranir, rekstur o.fl. Mikilvægar áskoranir nú eru mannauður og fjöldi sjúklinga sem ættu með réttu að njóta þjónustu annars staðar en á Landspítala. - Umræður.
- Skýrslur McKinsey um greiningu á framtíðarþróun þjónustu Landspítala og fjölgun stjórnenda – Runólfur kynnir – M.a. rætt um breytingar í starfsmannafjölda undanfarin ár, forsendur og þróun. – Umræður

3. Staða innleiðingar þjónustutengdrar fjármögnunar (DRG) – Runólfur kynnir. M.a. rætt um mikilvægi þessa máls og að það þurfi að fá forgang. Einnig um áformaða „skuggakeyslu“. – Umræður
4. Staða byggingar nýs Landspítala – Runólfur kynnir – M.a. rætt um stýrihóp, tilgang hans og skipan. Búast má við töfum frá kynntum áætlunum um 2-3 ár. Nýting eldri bygginga er enn óljós. Ljóst að í þessu máli þarf aðkomu stjórnar og stjórnenda á spítalanum. – Umræður
5. Önnur mál – Ekkert sérstakt rætt undir þessum lið.

Næsti fundur áformaður föstudaginn 26. ágúst 2022 kl. 12:00

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:05